



Tilmæli um innleiðingu aðferðar stafrænnar sögugerðar (e. Digital Storytelling) í kennslu fólks með þroskahömlun í námi án aðgreiningar.

## Efnisyfirlit

Inngangur og sögulegt samhengi .....	3
DigiStorID-verkefnið – markmið, leiðir og niðurstöður .....	4
Milliríkjasamningar og löggjöf.....	5
Tilmæli.....	9
Heimildir.....	19
Upplýsingar um verkefnið .....	20

## Inngangur og sögulegt samhengi

Í þessari skýrslu eru lögð fram tilmæli í fimm liðum um að taka aðferð stafrænnar sögugerðar (e. Digital Storytelling) upp í kennslu fólks með þroskahömlun í almennum skólum, og fella hana inn í nám sérkennara og þroskaþjálfara. Tilmælin lúta að réttindum og þroskamöguleikum fólks með þroskahömlun og þeim er beint til stjórnvalda og löggjafa í einstökum Evrópuríkjum og í samtökum þessara ríkja. Tilmælin geta einnig nýst stofnunum sem sinna þörfum fólks með þroskahömlun, þroskaþjálfum, kennurum og leiðbeinendum, svo og höfundum námsefnis.

Allir fimm liðir tilmælanna byggjast á niðurstöðum verkefnis sem unnið var með styrk frá áætluninni Erasmus+ á árunum 2018–2020 og nefnt var *DigiStorID*, sem er skammstöfun enska heitisins *Digital Storytelling for up-skilling and empowerment of learners with intellectual disabilities*. Á íslensku heitir verkefnið *Stafræn sögugerð sem aðferð til að auka færni og valdefla nemendur með þroskahömlun*. Tilmælin nálgast efnið úr ýmsum áttum en eiga það sameiginlegt að draga fram kosti stafrænnar sögugerðar sem aðferðar til að auðga líf fólks með þroskahömlun.

Fyrstu tilmælin, *Lífsleikni, að tala eigin máli*, varða mikilvægi þess að fólk með þroskahömlun geti séð málum sínum borgið og talað eigin máli. Skilgreining Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) á lífsleikni er lögð til grundvallar og lagður fram listi yfir ýmsa þætti lífsleikni sem hafa mest að segja fyrir fólk með þroskahömlun. Að vinnustofur í stafrænni sögugerð séu árangursrík leið til að efla lífsleikni og gera fólki með þroskahömlun auðveldara að tala eigin máli.

Önnur tilmælin, *Einstaklingsbundin nálgun*, byggjast á þeirri hugsun að leggja beri áherslu á að sníða starfið með fólk með þroskahömlun meira að þörfum hvers einstaklings. Starfsfólk sem annast markhópinn okkar gætir þess að nálgast alla sem einstaklinga með mismunandi markmið, langanir o.s.frv. Í tilmælunum kemur fram að stafræn sögugerð geti orðið mikilvægur hluti af starfi með fólki með þroskahömlun sem fylgir slíkri nálgun.

Þriðju tilmælin, *Staðalmyndir í fjölmiðlum*, snúast um hve mikilvægt það fyrir fólk með þroskahömlun að geta nýtt sér fjölmiðla og skapað sjálf miðlunarefni til að styrkja sína eigin rödd, og hvernig aðferð stafrænnar sögugerðar getur aukið sjálfsvirðingu einstaklingsins og unnið á þann hátt gegn þeirri tilhneigingu almennra fjölmiðla að styðjast við neikvæðar staðalmyndir.

Fjórðu tilmælin, *Valdefling*, byggjast á því að stafræn sögugerð geti stuðlað að valdeflingu markhópsins og aukið þannig félagslega þátttöku hans og almenna vellíðan. Þannig sé byggð upp sú sjálfsvirðing sem einstaklingar þurfa á að halda til að geta tekið ákvarðanir á eigin forsendum og orðið virkari þátttakendur í þjóðfélaginu. Af þeim sökum beri að kynna aðferðina sem víðast og fella hana bæði inn í námsefni sérkennslunema og námsefnið sem notað er við kennslu fólks með þroskahömlun í almennum skólum.

Fimmtu og síðustu tilmælin sem byggð eru á niðurstöðu DigiStorID-verkefnisins, *Kynning á aðferðinni og innleiðing í almennum skólum – tækifæri til náms*, snúast

um mikilvægi þess að innleiða aðferðina í almennum skólum til að tryggja að hún verði notuð með reglulegum hætti við kennslu fullorðinna, jafnt í formlegu skólanámi sem utan þess. Aðferð stafrænnar sögugerðar er valdeflandi verkfæri fyrir fólk með þroskahömlun. Þroskaþjálfar verða að hljóta þjálfun í aðferðinni til að geta notað hana. Í tilmælunum er hvatt til þess að stofnanir í Evrópulöndunum hugi að því að fella aðferðina inn í námskrá þeirra hópa sem geta nýtt sér hana.

## DigiStorID-verkefnið – markmið, leiðir og niðurstöður

Eins og þegar hefur verið nefnt var DigiStorID-verkefnið (*Digital Storytelling for upskilling and empowerment of learners with intellectual disabilities*)<sup>1</sup> unnið með styrk frá Erasmus+ og samstarfsaðilarnir voru frá sex löndum. Helsti tilgangur DigiStorID-verkefnisins var að þróa nýja aðferð við kennslu – stafræna sögugerð lagaða að þörfum fólks með þroskahömlun – með það að markmiði að færa kennurum og leiðbeinendum sem starfa með fólki með þroskahömlun nýtt og skemmtilegt verkfæri sem nota mætti til að auka færni nemenda, skilja þá betur og stuðla að valdeflingu þeirra.

Verkefnið byggðist að nokkru á reynslunni af eldra verkefni sem sömu samstarfsaðilar stóðu að, DigiPower-verkefninu (*Digital storytelling – empowerment through cultural integration*, eða „Stafræn sögugerð – valdefling með auknum kynnum af menningarstarfi“)<sup>2</sup>. DigiPower-verkefnið sannfærði þá sem að því stóðu um að stafræn sögugerð væri kjörið verkfæri til valdeflingar og aukinnar færni fólks með þroskahömlun. Ekki fór þó milli mála að laga þyrfti aðferðina að þörfum og hæfnistigi markhópsins.

Fyrsti hluti verkefnisins var þarfagreining sem byggð var á viðtölum við 30 fulltrúa þeirra fagstétta, m.a. þroskaþjálfara, sem starfa með fólki með þroskahömlun í samstarfslöndunum. Við höfðum þarfagreininguna til hliðsjónar í vinnu okkar við að laga aðferðina að þörfum markhópsins. Þroskaþjálfar frá öllum samstarfslöndunum sóttu sérstaka vinnustofu sem haldin var í því skyni að kynna aðferð stafrænnar sögugerðar og þjálfara þátttakendur í notkun hennar. Í kjölfar þess voru haldnar þrjár blandaðar vinnustofur þar sem þessir þjálfuðu leiðbeinendur unnu með nemendum með þroskahömlun frá öllum samstarfslöndunum við aðstæður sem gáfu þeim kost á að beita aðferðinni, átta sig á henni og þróa hana frekar. Árangur þessarar vinnu er það sem við nefnum aðferð stafrænnar sögugerðar fyrir fólk með þroskahömlun. Frásagnirnar sem þátttakendur í vinnustofunum hafa sett saman tala sínu máli<sup>3</sup>.

Meðal þess sem teljast má til áþreifanlegs afraksturs af DigiStorID-verkefninu er handbók sem tekin var saman til hagræðis fyrir leiðbeinendur sem hyggjast halda vinnustofur í stafrænni sögugerð með fólki með þroskahömlun. Sömuleiðis var tekin saman styttri og einfaldari handbók fyrir fólk með þroskahömlun, skrifuð á

<sup>1</sup><https://digistorid.eu/> (lesið 26. febrúar 2021)

<sup>2</sup><http://digipower.akademia.is/> (lesið 26. febrúar 2021)

<sup>3</sup><https://digistorid.eu/videos/> (lesið 26. febrúar 2021)

auðlesnu máli. Annað er þess eðlis að erfiðara er að bregða á það mælistiku, til að mynda hvernig bæði þátttakendur og leiðbeinendur bættu kunnáttu sína og hæfni með starfi sínu í vinnustofunum. Við erum þess fullviss að nemendur hafa tileinkað sér nýja færni í vinnustofunum og meðal annars öðlast sjálfsíhygli, betri tök á hlustun og ritun, kunnáttu í félagslegum samskiptum og tölvunotkun, skapandi hugsun o.s.frv.

Árangur verkefnisins má mæla með ýmsum hætti. Þátttakendur finna til gleði og stolts að námskeiðinu loknu og leiðbeinendurnir hafa fengið í hendur nýtt verkfæri sem gaman er að beita. Allir sem taka þátt í verkefninu hafa af því gagn. Reynslan og þekkingin sem safnast er gerð aðgengileg í handbókunum, með birtingu sumra af stafrænu sögunum á netinu og í gegnum starf leiðbeinendanna með öðru fólki með þroskahömlun.

Með vísan til reynslunnar af vinnustofunum, sem leiddi í ljós hvernig aðferðin getur nýst í reynd, og almenns mats á verkefninu, aðferðinni að lokinni aðlögun og hugmyndinni um hleðslusteina, eru það sameiginleg tilmæli allra samstarfsaðilanna að aðferð stafrænnar sögugerðar verði innleidd í kennslu fólks með þroskahömlun og löguð sérstaklega að þörfum þess. Við þykjumst fullviss um að nota megji aðferðina til að bæta líf fólks með þroskahömlun og að hún yrði framúrskarandi viðbót við aðrar aðferðir sem notaðar eru í þessu skyni.

## Milliríkjasamningar og löggjöf

Til að setja tilmælin í víðara samhengi vísuð við til milliríkjasamninga og löggjafar sem varða hag þeirra sem tilheyra markhópi verkefnisins, þ.e. fólks með þroskahömlun. Samstarfslöndin hafa öll undirritað og fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en hann var samþykktur árið 2006 og öðlaðist gildi árið 2008.<sup>4</sup> Þegar ríki fullgildir samninginn verður hann lagalega bindandi gagnvart þegnum þess ríkis. “Þó að samningurinn kveði ekki á um ný mannréttindi af neinu tagi skýrir hann miklu betur en áður hefur verið gert þá skyldu aðildarríkjanna að styrkja, verja og tryggja réttindi fólks með fötlun. Í samningnum er þannig ekki aðeins kveðið á um að aðildarríki hans megji ekki beita fatlað fólki mismunun, heldur er einnig gerð grein fyrir fjölmörgum skrefum sem samningsríkin verða að taka til að skapa umhverfi sem tryggir fötluðu fólki raunverulegt jafnrétti í þjóðfélaginu.”<sup>5</sup>

Sameiginlegur skilningur virðist ríkja á réttindum fólks með þroskahömlun og á nauðsyn þess að virða þau réttindi, að minnsta kosti í orði kveðnu. Samningurinn

<sup>4</sup><https://www.un.org/development/desa/disabilities/convention-on-the-rights-of-persons-with-disabilities.html> (lesid 26. febrúar 2021)

<sup>5</sup><https://www.un.org/development/desa/disabilities/convention-on-the-rights-of-persons-with-disabilities/frequently-asked-questions-regarding-the-convention-on-the-rights-of-persons-with-disabilities.html#iq2> (lesid 26. febrúar 2021)

um réttindi fatlaðs fólks myndar nokkurs konar ramma utan um lagaákvæði einstakra landa að því er varðar réttindi fólks með fötlun.

Samkvæmt því sem segir í 1. gr. samningsins er markmið hans „. . . að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra, jafnframt því að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess<sup>6</sup> Notuð er víð skilgreining á fötlun eða eins og segir í 1. gr.: „Til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru líkamlega, andlega eða vitsmunalega skertir eða sem hafa skerta skynjun til frambúðar sem kann, þegar víxlverkun verður milli þessara þátta og tálma af ýmsu tagi, að koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.“

Samkvæmt 3. gr. samningsins eru eftirtalin meginsjónarmið lögð honum til grundvallar:

- Virðing fyrir meðfæddri göfgi, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði þeirra,
- bann við mismunun,
- að fatlaðir geti tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar,
- virðing fyrir því sjónarmiði að fatlað fólk sé ólíkt og viðurkennt í þeim skilningi að um mannlega fjölbreytni og mannlegt eðli sé að ræða,
- jöfn tækifæri,
- aðgengi,
- jafnrétti kynjanna,
- virðing fyrir síbreytilegri getu fatlaðra barna og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína.

Ekki þarf að taka fram að öll þessi atriði eru mikilvæg, en í tengslum við DigiStorID-verkefnið vega sum þeirra þó þyngra en önnur, einkum þau sem snúa að virðingu fyrir sjálfræði einstaklingsins og frelsi hvers og eins til að taka ákvarðanir um eigið líf, virkri þátttöku í samfélaginu og aðgengismálum.

Ákvæði 24. gr. samningsins, Menntun, varða fólk með þroskahömlun mjög náið og einkum hafa 1. og 2. mgr. greinarinnar afar mikla þýðingu fyrir DigiStorID-verkefnið. 1. mgr. 24. gr. hljóðar svo: „Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Þau skulu, í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri, koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar og símenntun...“.<sup>7</sup>

Þessi ákvæði 1. og 2. mgr. 24. gr. samningsins styðja að öllu leyti það sem við höldum fram um hvernig stafræn sögugerð getur nýst fólki með þroskahömlun, því að hún eflir fólk til sjálfstæðis og aukinnar þátttöku í þjóðfélaginu og gerir því auðveldara að tala eigin máli.

Margvísleg stefnumörkun á vettvangi Evrópusambandsins hefur það markmið að tryggja réttindi fólks með þroskahömlun. Í sumum tilvikum er sérstaklega bent á

<sup>6</sup>CRPD, Article 1 (lesið 26. febrúar 2021)

<sup>7</sup><https://www.un.org/development/desa/disabilities/convention-on-the-rights-of-persons-with-disabilities/article-24-education.html> (lesið 26. febrúar 2021)

ráðstafanir sem aðildarríki sambandsins geta gert til að koma í framkvæmd ákvæðum á borð við þau sem samningurinn um réttindi fatlaðs fólks hefur að geyma. Í Framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins í málefnum fatlaðs fólks árin 2010–2020<sup>8</sup> eru útlistaðar aðgerðir á átta áherslusviðum. Á sviði menntamála er megináherslan sú að „nemendum með fötlun sé tryggð menntun án aðgreiningar og tækifæri til náms alla ævi. Jöfn tækifæri til góðrar menntunar og náms alla ævi gera fólki með fötlun kleift að taka hindranalaust þátt í þjóðfélaginu og auka lífsgæði sín“.

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir er ein þeirra stofnana sem settar hafa verið á fót á grundvelli framkvæmdaáætlunarinnar með það að markmiði að bæta menntun fólks með fötlun<sup>9</sup>. „Menntamálaráðuneyti yfir 30 aðildarríkja miðstöðvarinnar njóta aðstoðar hennar til að bæta stefnu og framkvæmd á sviði náms án aðgreiningar. Miðstöðin heldur einnig uppi samstarfi við ýmis fjölþjóðleg samtök og leitast við að virkja kennara, sérfræðinga, nemendur og aðstandendur í því starfi að tryggja öllum tækifæri til góðrar menntunar.“

Í nóvember 2017 var svonefndri Evrópustöð félagslegra réttinda komið á fót samkvæmt sameiginlegri ákvörðun Evrópuþingsins og leiðtogaráðs og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Með þeirri ákvörðun lýsa allar stofnanir Evrópusambandsins og öll aðildarríki þess stuðningi við megin sjónarmiðin og réttindin sem yfirlýsingin tekur til.<sup>10</sup> Megináherslan er á jöfn tækifæri á vinnumarkaði og félagsleg réttindi. Í Evrópustöð félagslegra réttinda eru sett fram 20 megin sjónarmið sem eiga að gera Evrópusambandið opnara og sanngjarnara fyrir alla þjóðfélagshópa og bæta hag allra Evrópubúa.

Einn þáttur Evrópustöðarinnar er nefndur „Evrópa án aðgreiningar“<sup>11</sup>, en þar er um að ræða stofnun sem vinnur að auknum réttindum og tækifærum fólks með þroskahömlun og byggir starfsemi sína á megin sjónarmiðum Evrópustöðarinnar.

Fyrsta megin sjónarmið Evrópustöðarinnar ber yfirskriftina Menntun, þjálfun og nám alla ævi og hljóðar svo: „Öllum ber réttur til að hljóta góða menntun og njóta tækifæra til náms alla ævi, án mismununar eða aðgreiningar, til að geta viðhaldið kunnáttu sinni og færni og aukið hana, og tekið þannig fullan þátt í þjóðfélaginu og brugðist áfallalaust við breytingum á vinnumarkaði með.“

Þó að tilmælin sem hér fara á eftir og byggð eru á reynslunni af verkefninu Stafræn sögugerð lýsi ólíkum sjónarhornum endurspegla þau öll megin sjónarmið samningsins um réttindi fatlaðs fólks, en þau eru: Virðing fyrir meðfæddri göfgi, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði þeirra, að fatlaðir geti tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar,

<sup>8</sup><https://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=1484> (lesið 26. febrúar 2021)

<sup>9</sup><https://www.european-agency.org> (lesið 26. febrúar 2021)

<sup>10</sup><https://www.inclusion-europe.eu/social-pillar/> (lesið 26. febrúar 2021)

<sup>11</sup><https://www.inclusion-europe.eu/> (lesið 26. febrúar 2021)

virðing fyrir því sjónarmiði að fatlað fólk sé ólíkt og viðurkennt í þeim skilningi að um mannlega fjölbreytni og mannlegt eðli sé að ræða.

Samstarfsaðilarnir eru þeirrar skoðunar að með því að taka upp stafræna sögugerð í starfi með fólki með þroskahömlun, með viðeigandi aðlögun að þörfum þess hóps, og fella aðferðina inn í nám þeirra og inn í námskrá þroskaþjálfra og kennara sem annast kennslu fólks með sérþarfir, megi auka tækifæri þeirra til árangurs í lífinu.



### 1. Lífsleikni, að tala eigin máli

#### Málefni:

Með lífsleikni er átt við aðlögunarhæfni og jákvæð viðhorf sem gera okkur kleift að takast á við kröfur og viðfangsefni daglegs lífs á árangursríkan hátt. Rannsóknir á lífsleikni benda til þess að með því að leggja áherslu á grunnþætti lífsleikni megi auka heilbrigði og vellíðan hvers einstaklings. Þessir þættir eru taldir hér á eftir.

Grunnþættir lífsleikni eru þessir samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO):

- Sjálfsvitund
- Samkennd
- Gagnrýnin hugsun
- Skapandi hugsun
- Að taka ákvarðanir
- Að leysa mál
- Góð tjáskipti
- Samskiptahæfni
- Að takast á við streitu
- Að ráða við eigin tilfinningar

Þegar fólk með þroskahömlun á í hlut má bæta eftirtöldum þáttum við:

- Líkamleg vellíðan
- Efnisleg velferð
- Tilfinningaleg vellíðan
- Að vera eigin talsmaður
- Einstaklingsþroski
- Félagsleg þátttaka
- Réttindi og valdefling

Starfið með markhópnum okkar hefur kennt okkur að eigi fólk að tileinka sér alla þessa þætti lífsleikni sé nauðsynlegt að nálgast verkefnið frá mörgum hliðum. Vinnan verður að miðast að öllu leyti við þarfir hvers einstaklings.

Lífsleikni nýtist á mörgum sviðum daglegs lífs.

Getan til að tala eigin máli er mikilvægur þáttur lífsleikni og gerir hverjum fullorðnum einstaklingi auðveldara að ráða fram úr hvers kyns aðstæðum. Vitað er að hæfnin til að tjá sig með skilmerkilegum hætti hefur sambærilega þýðingu í samskiptum við annað fólk.

Fólk sem býr yfir sjálfsöryggi áttar sig á því hvað það vill og hvernig það getur öðlast það. Slíkir einstaklingar setja sér markmið og vinna síðan að því að ná þeim. Þeir

tala eigin máli og taka fullan þátt í að leysa vandamál og taka ákvarðanir um eigið líf. Ekki er til þess ætlast að þeir geri allt hjálparlaust, en þeir eiga að geta komið hlutum til leiðar í eigin lífi og aukið þannig eigin lífsgæði.

Sjálfsöryggi byggist meðal annars á þessum þáttum:

- Að taka ákvarðanir
- Að setja sér markmið
- Að leysa mál
- Að geta unnið verkefni sem mest á sjálfstæðan hátt
- Að greina öðrum frá löngunum sínum og þörfum
- Getan til samskipta við annað fólk
- Getan til að fullnægja eigin þörfum

### **Lausn – tilmæli**

Það er grundvallarþáttur sérhvers verkefnis sem miðast að því að efla heilbrigð viðhorf og auka andlega vellíðan að styðja fólk til að öðlast lífsleikni.

Til þess að kennsla í lífsleikni skili góðum árangri þegar fólk með þroskahömlun á í hlut þarf hún að standa lengi yfir og byggjast á reglulegum endurtekningum þar til hegðunin er orðin að vana.

Í DigiStorID-verkefninu reyndust vinnustofurnar þar sem stafræn sögugerð var kennd afar árangursríkar. Árangurinn var jafnvel meiri en í tímum þar sem markmiðið var að kenna lífsleikni samkvæmt settum markmiðum fyrir hvern þátttakanda og hvert viðfangsefni. Með aðferð stafrænnar sögugerðar, sem samstarfsaðilarnir í DigiStorID-verkefninu hafa þróað, er nemendum gert auðveldara að tileinka sér ýmsa þætti lífsleikni með námsaðferðum sem byggjast á virkri þátttöku og samstarfi. Nokkrar mikilvægar aðferðir sem notaðar eru í lífsleikninámi eru hópvinna, samræður milli kennara og nemenda sem vinna við sögugerðina og lærdómur með stuðningi samnemenda. Lífsleikninám fólks með þroskahömlun getur ekki byggst eingöngu á upplýsingum eða umfjöllun. Ekki er heldur um virkt nám að ræða eingöngu. Einn þáttur í því verður að vera reynslunám, þ.e. nám sem byggist á að hver nemandi öðlist eigin reynslu af verkefninu og fái stuðning til þess í viðeigandi námsumhverfi frá leiðbeinendum sem þekkja nemendur sína vel.

Þessi nálgun við lífsleikninámið er gagnvirk kennsluaðferð sem snýst ekki aðeins um að koma þekkingu til skila heldur einnig að móta viðhorf og hjálpa nemendum til að þróa samskiptahæfni sína. Megintilgangur aðferðarinnar er að auka hæfni einstaklingsins til að taka heillavænlegar ákvarðanir, standast óæskilegan þrýsting og forðast áhættuhegðun. Sjálfsskilningur er fyrst og fremst sjálfsþekking. Hann er fólgin í því að þekkja styrkleika sína og veikleika, óskir sínar, þarfir og tilfinningar.

Í vinnu sinni við að öðlast aukið sjálfstæði hefur fólk með þroskahömlun tækifæri til að þroska hæfni sína til að taka ákvarðanir, lýsa skoðunum og taka ábyrgð á eigin umönnun.

## Árangur

Námskeið í stafrænni sögugerð hafa gríðarlegan ávinning í för með sér fyrir fólk með þroskahömlun, einkum efla þau mjög færnina til að takast á við flóknar félagslegar aðstæður. Fólk með þroskahömlun þarf ekki á aukinni lífsleikni að halda eingöngu í þeim tilgangi að öðlast meira sjálfstæði, þó að sá þáttur sé afar mikilvægur. Slík færni gerir því einnig kleift að hafa meira gaman af lífinu og njóta þeirra félagslegu samskipta sem bjóðast.

Góð heilsa, ný áhugamál, þátttaka í félagsstarfi, nán tengsl við annað fólk og launað starf: allt stuðlar þetta að aukinni lífsfyllingu hjá hverjum fullorðnum einstaklingi.

Við höfum sannfærst um að fólk með þroskahömlun getur haft stuðning af námskeiðum í stafrænni sögugerð á leið sinni til aukins þroska, og að þau eru til gagns og ánægju fyrir bæði nemendur og leiðbeinendur.

## 2. Einstaklingsbundin nálgun

### Málefni:

Með einstaklingsbundinni nálgun er fólk með þroskahömlun stutt til aukinnar þátttöku í ákvörðunum sem varða þeirra eigið líf. Einstaklingsbundin nálgun felur í sér að einstaklingurinn er gerður að „miðpunkt“ þjónustunnar og komið fram við hann sem slíkan. Athyglin beinist að fólkinu sjálfu og hvað það getur gert, ekki ástandi þess eða þroskahömlun. Stuðningurinn verður að miðast við persónuleg markmið, þarfir og sérstakar aðstæður hvers og eins.<sup>12</sup> Megintilgangur vinnunnar er að öðlast skilning á löngunum og þörfum einstaklinganna til að gera þeim kleift að lifa sjálfstæðu og góðu lífi á eigin forsendum. Með nálgun af þessu tagi geta vinir og aðstandendur skjólstæðingsins hlaupið undir bagga við að benda á og efla styrkleika hans. Þannig næst bestur árangur.<sup>13</sup>

Til að tryggja fólki með þroskahömlun sem mest sjálfstæði þarf að byggja upp atvinnu og stuðning sem hentar þörfum þess og veita hverjum og einum viðeigandi stuðning til að aðlagast samfélaginu. Margt fólk með þroskahömlun þarf á hjálp og umönnun að halda allt lífið. Þroski þess og árangur við að aðlagast kröfum og væntingum umhverfisins ræðst af eðli þroskahömlunarinnar í hverju tilviki, hvort viðeigandi meðferð er veitt nógu snemma á ævinni og hvort þeim sem eiga í hlut er búið fordómalaust umhverfi þar sem þeim eru sköpuð lífskjör og skilyrði til náms og vinnu sem fullnægja grundvallarþörfum þeirra.<sup>14</sup>

Fullorðnir einstaklingar með þroskahömlun þurfa á því að halda að fá stöðuga örvun, hvatningu og leiðsögn frá umhverfi sínu til að viðhalda þekkingu sinni og færni og bæta við hana. Þá er nauðsynlegt að taka tillit til persónuleika þeirra, séreinkenna, lífsreynslu, þarfa og réttinda. Við verðum að horfa til styrkleika hvers

<sup>12</sup><https://www.health.nsw.gov.au/mentalhealth/psychosocial/principles/Pages/person-centred.aspx> (lesið 26. febrúar 2021)

<sup>13</sup><https://www.aruma.com.au/about-us/about-disability/person-centred-approach-and-active-support/> (lesið 26. febrúar 2021)

<sup>14</sup>[http://www.zveza-sozitej.si/media/uploads/files/2\\_poglavje.pdf](http://www.zveza-sozitej.si/media/uploads/files/2_poglavje.pdf) (lesið 26. febrúar 2021)

og eins og hlutverk okkar er að finna störf og aðferðir, örvun og innihald sem hentar hverjum einstaklingi, áhuga hans og getu. Þetta þýðir með öðrum orðum að aðferðirnar sem notaðar eru í starfi með fólki með þroskahömlun verða að vera sveigjanlegar svo að laga megji þær að ólíkum þörfum, hæfni, áhuga og lífstíl einstaklinga í þessum hópi.

Í 24. gr. **samningsins** um réttindi fatlaðs fólks segir svo: „... Aðildarríkin ... skulu ... koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar og símenntun sem miða að því: ... að fatlað fólk geti fullþroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu“.<sup>15</sup>

Við þurfum fyrst að viðurkenna að nauðsynlegt er að fólk með þroskahömlun taki virkan þátt í að móta eigin lífsskilyrði og fái tækifæri til þess á sem flestum sviðum. Gefa verður einstaklingum í þessum hópi færi á að standa vörð um eigin hagsmuni.

Í Framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins í málefnum fólks með fötlun árin 2010–2020 eru útlistaðar aðgerðir á átta áherslusviðum. Á sviði menntamála er megináherslan sú að „nemendum með fötlun sé tryggð menntun án aðgreiningar og tækifæri til náms alla ævi. Jöfn tækifæri til góðrar menntunar og náms alla ævi gera fólki með fötlun kleift að taka hindranalaust þátt í þjóðfélaginu og auka lífsgæði sín“.<sup>16</sup>

Fagfólk sem vinnur með fólki með þroskahömlun og rætt var við vegna þarfagreiningarinnar í upphafi DigiStorID-verkefnisins tók mjög vel í hugmyndir um nýja nálgun og nýjar aðferðir. Fram kom mikill vilji til að taka upp hvers kyns nýjar aðferðir sem gætu komið skjólstæðingum þeirra að gagni. Allir viðmælendurnir nefndu einnig að þeir fyndu til knýjandi þarfar á að kynnast skjólstæðingum sínum betur. Með því að þekkja betur sögu hvers og eins yrði auðveldara að hjálpa þeim frá degi til dags. Til þess að skilja þarfir notendanna er afar mikilvægt að þekkja sögu þeirra.

#### **Lausn:**

Í DigiStorID-verkefninu var þróuð ný aðferð við kennslu – Stafræn sögugerð löguð að þörfum fólks með þroskahömlun. Þessi nýja og skemmtilega aðferð stuðlar að valdeflingu nemendanna og auðveldar kennurum og öðrum þeim sem sinna fólki með þroskahömlun að vinna að aukinni færni, skilja það betur og valdefla. Í 7. kafla skýrslunnar World Report on Disability kom þetta fram: „Menntakerfi heimsins verða að segja að nokkru skilið við hefðbundna kennsluhætti og taka upp aðferðir sem miðast í ríkara mæli við þarfir hvers einstaklings og þá staðreynd að allir geta lært og tileinkað sér lærdóm á sinn hátt.“<sup>17</sup> Einstaklingsbundnar aðferðir tryggja að tekið sé tillit til manngildis allra einstaklinga og horft til þess sem hver og einn hefur

<sup>15</sup><https://www.un.org/development/desa/disabilities/convention-on-the-rights-of-persons-with-disabilities/article-24-education.html> (lesið 26. febrúar 2021)

<sup>16</sup>[https://ec.europa.eu/eip/ageing/standards/general/general-documents/european-disability-strategy-2010-2020\\_en.html](https://ec.europa.eu/eip/ageing/standards/general/general-documents/european-disability-strategy-2010-2020_en.html) (lesið 26. febrúar 2021)

<sup>17</sup><https://www.ncbi.nlm.nih.gov/books/NBK304084/> (lesið 26. febrúar 2021)

fram að færa.<sup>18</sup> Sú aðferð stafrænnar sögugerðar sem þróuð var í DigiStorID-verkefninu byggist á slíkri nálgun.

Stafræn sögugerð getur leitt til aukins skilnings á þátttakendum í námskeiðunum gegnum sögurnar sem þeir vilja segja af sjálfum sér og deila með öðrum. Aðferðin gerir okkur kleift að sinna hverjum þátttakanda sem einstaklingi, því að henni er beitt í samræmi við þarfir, óskir, áhuga og getu hvers og eins. Með aðferðinni eru styrkleikar og hæfileikar þátttakenda leystir úr læðingi í samstarfi leiðbeinendanna og þátttakendanna sjálfra. Lögð er áhersla á að sinna þátttakendum með þeim hætti að námskeiðin nýtist hverjum einstaklingi sem best. Fólk með þroskahömlun fær að láta rödd sína heyrast og er hvatt til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Einn þáttur aðferðarinnar eru hleðslusteinarnir sem eru lagaðir að þörfum fólks með þroskahömlun og gera það auðveldara að nýta kosti aðferðarinnar til hins ítrasta.

Stafrænar sögur fólks með þroskahömlun geta falið í sér ómetanleg tækifæri til að öðlast innsýn í heim þeirra sem tilheyra þessum hópi, skilja þarfir þeirra og langanir, kynnast óskum þeirra, áhugamálum og lífsreynslu og átta okkur á tilfinningalífi þeirra. Allt þetta getur komið að gagni í frekara námi þeirra og við skipulagningu annars starfs með fólki með þroskahömlun.

#### **Tilmæli:**

Við mælumst til þess að aðferð stafrænnar sögugerðar, sem við þróuðum í DigiStorID-verkefninu til nota í starfi með fólki með þroskahömlun, verði tekin upp í öllum stofnunum sem sinna formlegri eða óformlegri menntun fólks í þessum markhópi. Við teljum að gera beri fólki með þroskahömlun kleift að auðga líf sitt með því að opna því fjölbreytt tækifæri til náms og þekkingaröflunar. Kennarar og leiðbeinendur geta notað aðferðina til að kynnast betur hverjum einstaklingi, þörfum hans, löngunum, áhugamálum og hæfileikum, og fá þannig í hendur ný verkfæri til að hjálpa fólki í þessum hópi til frekara náms og þroska. Fólk með þroskahömlun fær tækifæri til að segja sína eigin sögu og öðlast um leið þá lífsleikni sem allir þurfa á að halda í daglegu lífi.

#### **Árangur:**

Fólk með þroskahömlun hefur mikið gagn af aðferð stafrænnar sögugerðar því að hún auðveldar þeim að láta rödd sína heyrast. Persónulegar frásagnir gefa kennurum, leiðbeinendum og öðrum sem vinna með einstaklingum með þroskahömlun tækifæri til að kynnast þeim betur og þar með að skilja þarfir þeirra, óskir og áhugamál og komast að því hvaða málefni liggja þeim á hjarta.

<sup>18</sup><https://www.ndp.org.au/images/factsheets/346/2016-10-person-centred-approach.pdf> (lesið 26. febrúar 2021)

### 3. Staðalmyndir í fjölmiðlum

#### Málefni:

Fólk með þroskahömlun sést ekki oft í fjölmiðlum. Ef það gerist einkennist framsetningin oft af staðalmyndum, til dæmis þannig að sýndur er einstaklingur sem á að vekja meðaumkun – þolandi ofbeldis, sjúklingur, brotamaður, sakleysingi – eða er jafnvel gerður að athlægi. Önnur algeng staðalmynd er „sá ofurfatlaði“ (e. „super-crip“): einhverjum er lýst sem hetju einmitt *vegna* fötlunarinnar. Þó að slíkar staðalmyndir séu ekki alltaf neikvæðar verður ekki framhjá því komist að þær eru villandi og geta falið í sér lítilsvirðingu.

Fjölmiðlar hafa gríðarlega mikið um það að segja hvaða mynd við gerum okkur af heiminum, og staðalmyndir eru fyrsta skrefið í átt að neikvæðri umfjöllun sem síðan getur þrengt að tækifærum fólks með þroskahömlun. Fólk með þroskahömlun á rétt að að taka fullan þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli (sbr. 3. gr. samningsins um réttindi fatlaðs fólks) og því skiptir öllu að vinna gegn þessari neikvæðu framsetningu fjölmiðla.

#### Lausn:

Stuðla þarf að því að fjölmiðlar sýni fólk með þroskahömlun í réttu ljósi og að það sjáist í hlutverkum sem eru ekki fyrst og fremst tengd fötlun þeirra, heldur sýna það sem sjálfstæða einstaklinga. Tilgangurinn er jafnframt að auðvelda fólki með þroskahömlun aðgang að fjölmiðlum til að rödd þeirra fái að heyrast. Samfélagsmiðlar eru mjög aðgengilegir og efni sem þar er birt getur fengið mikla útbreiðslu og þannig hjálpað til að vinna gegn staðalmyndum hefðbundinna miðla. Aðferð stafrænnar sögugerðar hjálpar fólki með þroskahömlun að búa sjálft til efni sem hentar fullkomlega til birtingar á samfélagsmiðlum, þ.e. stutt myndbönd sem segja sögur þeirra sjálfra.

#### Tilmæli:

Æskilegt er að Evrópuríkin vinni skipulega gegn staðalmyndunum sem ráða ríkjum í fjölmiðlum. Þetta mætti meðal annars gera á grundvelli frásagna fólks með þroskahömlun sem unnar hafa verið í vinnustofum í stafrænni sögugerð. Fólki með þroskahömlun þurfa að gefast góð tækifæri til að búa til efni í fjölmiðlunarformi. Auka þarf útbreiðslu stafrænnar sögugerðar og annarra svipaðra aðferða og kynna þær þeim sem sinna umönnun fólks með þroskahömlun og öðru fagfólki til að gera þeim kleift að hjálpa skjólstæðingum sínum að segja sögur sínar sjálft.

#### Árangur:

Miðlunarefni fólks með þroskahömlun vinnur gegn staðalmyndunum sem dregnar eru upp í fjölmiðlum. Slíkt efni sýnir raunverulega einstaklinga í stað staðalmynda og vinnur þannig gegn neikvæðri framsetningu í umfjöllun um þennan hóp í þjóðfélaginu. Skipulegar aðgerðir geta aukið almenna vitund um aðstæður fólks með þroskahömlun og unnið gegn áhrifum staðalmynda. Aðferð stafrænnar sögugerðar getur hjálpað fólki með þroskahömlun að búa sjálft til miðlunarefni sem síðan má dreifa á ýmsum samfélagsmiðlum.

## 4. Valdefling

### Málefni:

Tiltækar rannsóknir um valdeflingu auka skilning okkar á fyrirbærinu og leiða í ljós að meðal þess sem stuðlar að valdeflingu eru þættir á borð við frelsi, ábyrgð, gott álit, sjálfstraust og jákvæð viðhorf. Valdefling er einstaklingsbundið ferli í þeim skilningi að innri styrkur verður ekki fluttur milli einstaklinga. Sumar rannsóknir benda til þess að vilji hvers og eins til að verja tíma sínum og orku til ákveðinna verkefna standi í réttu hlutfalli við valdeflingu hans: Lítil valdefling leiðir til lítils áhuga en mikil valdefling að sama skapi til mikils áhuga. Mikilvægt er að hafa í huga að valdefling er ekki varanlegt ástand. Ýmsir þættir sem opna fólki tækifæri stuðla hins vegar að henni og má þar nefna opna umræðu, athafnafrelsi og hvatningu annars fólks. Þá má stuðla að valdeflingu með því að styrkja tilfinningu einstaklingsins fyrir öryggi, tiltrú og jafnræði. Valdefling á rætur sínar í vellíðan og velferð.

### Lausn:

Sjálfsmynd einstaklingsins og vitund hans um stöðu sína í þjóðfélaginu byggist upp og mótast alla ævi gegnum reynslu og samskipti við annað fólk. Viðhorf fjölskyldu, samnemenda, starfsfólks félagsþjónustu og annarra í nærsamfélaginu geta ýmist stuðlað að valdeflingu fólks með fötlun eða unnið gegn henni. Ef einstaklingur mætir í sífelli neikvæðum viðhorfum eru allar líkur á að það vinni gegn valdeflingu. Hér hafa þau sem standa viðkomandi næst auðvitað mest að segja.

Aðferð stafrænnar sögugerðar hefur nokkur undanfarin ár náð viðurkenningu sem öflugt verkfæri í kennslu og námi. Það er þegar efni nokkurra rannsóknarverkefna hvernig stafræn sögugerð er nýtt til stuðnings í menntakerfinu, en einnig annars staðar, t.d. stofnunum sem sinna félagsstarfi og heilbrigðisstofnunum. Eins og niðurstöður DigiStorID-verkefnisins sýna skýrt er stafræn sögugerð einnig öflugt kennslutæki. Fólk sem vinnur að gerð stafrænna sagna lærir að setja hugmyndir sínar fram á skipulegan hátt, spyrja spurninga og lýsa skoðunum sínum, og þroskar þannig með sér hæfni til samskipta við aðra. Þegar fólk deilir sögum sínum með öðrum getur það haft jákvæð áhrif á þætti á borð við tilfinningagreind og samvinnuhæfni. Öll þessi atriði stuðla að valdeflingu.

### Tilmæli:

DigiStorID-verkefnið hefur sýnt að stafræn sögugerð hefur mikla og greinilega þýðingu sem valdeflandi námsaðferð fyrir fólk með þroskahömlun. Kynna þarf þessa aðferð, með aðlögun verkefnisins að þörfum fólks með þroskahömlun, sem víðast í öllum Evrópuríkjunum til að ýta undir valdeflingu. Taka ber upp aðferð stafrænnar sögugerðar með þeirri aðlögun í sérskólum, þjónustumiðstöðvum og sambýlum fólks með þroskahömlun. Kennarar og aðrir sem vinna með þessum hópi fólks þurfa að fá tækifæri og aðstöðu til að nýta þessa aðferð í störfum sínum. Æskilegt er að fella aðferðina bæði inn í námsefni sérkennslunema og námsefni þeirra sem leggja stund á félags- eða heilbrigðisvísindi. Kennarar fólks með þroskahömlun og starfsmenn félags- og heilbrigðisþjónustu geta haft áhrif á ríkjandi viðhorf gegnum vinnu sína með nemendum og skjólstæðingum, aðstandendum þeirra og annað starfsfólk í kerfinu. Þannig má ná fram breytingum á viðmóti þjóðfélagsins og einstakra hópa gagnvart fólki með fötlun. Þetta dregur fram

mikilvægi menntunar sérkennara og starfsfólks félags- og heilbrigðisþjónustu. Hugmyndin um valdeflingu er mikilvæg öllum þessum starfsstéttum og stuðlar bæði að aukinni vellíðan nemenda með þroskahömlun og framgangi mannréttinda.

#### **Árangur:**

Fólk með þroskahömlun valdeflist, en við það eykst bæði áhugi þess til starfa og almenn vellíðan. Kennarar og starfsmenn félags- og heilbrigðisþjónustu kynnist nýrri kennsluaðferð sem auðveldar þeim að styðja valdeflingu nemenda og skjólstæðinga.

## **5. Kynning á aðferðinni og innleiðing í almennum skólum – tækifæri til náms**

#### **Málefni:**

Aðlögun fólks með sérþarfir að samfélaginu myndi skila betri árangri ef við gætum beitt nýstárlegum kennslu- og námsaðferðum á borð við aðferð stafrænnar sögugurðar í samstarfi skóla, leikskóla og annarra stofnana, ekki aðeins í einstökum löndum eða sveitarfélögum, heldur einnig milli landa. Stafrænt námsumhverfi skapar tækifæri til þess ekki aðeins að styrkja nemendur með þroskahömlun almennt heldur einnig til að efla þá í gagnvirku námi. Ef stafræn kennslutæki eru notuð á réttan hátt skapar það tækifæri til aukins námsárangurs, eflir sjálfstæði nemenda og hvetur þá til að leita sér þekkingar, uppgötva nýja hluti og njóta þess að beita hugviti sínu. Ungt fólk nú á dögum á sér „heimkynni“ í hinu stafræna umhverfi og það hentar einnig afar vel fólki með fötlun. Auk þess að vera staður fyrir tómstundaiðju getur það verið ánægjulegt námsumhverfi. Rannsóknir hafa þó leitt í ljós að stafræn tækni leiðir ekki til betri kennslu nema kennarar og þroskaþjálfar nýti hana með virkum hætti í skólastofunni og felli slíkar aðferðir inn í námsefnið.

#### **Lausn:**

Hugtakið nám án aðgreiningar felur í sér að börn með sérþarfir stunda námið í almennum bekkjum með ófötluðum jafnöldrum sínum. Nám í almennum bekk getur farið saman við einstaklingsbundna leiðsögn sem stuðlar að góðu jafnvægi milli námsgetu nemendanna og þarfa þeirra fyrir sérkennslu. Nám án aðgreiningar varðar námsefnið, menntun kennara, stuðning við nemendur og kennara og ýmsa þætti mats á skólastarfi og skipulagningar. Öll Evrópuríkin vinna að staðaldri að endurbótum á menntakerfum sínum. Þau fara ýmsar leiðir í þeirri vinnu allt eftir reynslu hvers lands, aðstæðum nú á dögum og sögulegu samhengi. Hugsunin á bak við nám án aðgreiningar er að tryggja öllum nemendum tækifæri til að afla sér góðrar menntunar, og þá einnig nemendum með sérþarfir. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur hvatt öll aðildarríkin til að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá árinu 2006 til að tryggja réttlæti í menntakerfinu. Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir er mikilvæg Evrópustofnun sem vinnur að því að koma fram endurbótum á menntastefnu aðildarríkjana að því er snýr að nemendum með sérþarfir. Evrópumíðstöðin gefur út tilmæli um innleiðingu stefnumótandi alþjóðasamninga, sem verða að byggjast



á kerfisbundinni söfnun og greiningu gagna, svo og leiðbeinandi texta um innleiðingu ýmiss konar ákvæða sem varða nám án aðgreiningar

Beina þarf til Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir að heppilegt væri að fella aðferð stafrænnar sögugerðar inn í almennt námsefni Stafræn sögugerð er öflug og gagnleg fjölmiðlunaraðferð sem nýtist vel í kennslu nemenda með þroskahömlun og full ástæða er fyrir kennara að leita ýmissa leiða til að beita henni í starfi sínu. Nánar tiltekið er aðferð stafrænnar sögugerðar einkar áhrifarík leið til að efla færni nemenda og örva fólk með þroskahömlun til að læra hvernig það getur nýtt sér tækni í daglegu lífi. Menntastofnanir útvega nemendum með fötlun sérstaka aðstoð sérkennara, talmeinafræðinga, leiðbeinenda, táknmálstúlka, stuðningsfulltrúa o.s.frv. Fólk í þessum fagstéttum getur hjálpað fólki með fötlun að búa til stafrænar sögur, en þarf fyrst að læra aðferð stafrænnar sögugerðar sjálft.

Þroskahömlun er ekki sjúkdómur, heldur ein tegund sérþarfa sem vitað er að krefst einstaklingsbundins stuðnings alla ævi. Þess vegna er mikilvægt að komið sé fram við fólk með þroskahömlun sem einstaklinga sem geta aflað sér aukinnar færni. Hafa verður í huga að framfarir eru jafnan árangur vinnu sem stendur yfir í langan tíma. Við þetta bætist að hver einstaklingur, einnig fólk með mikla fötlun, getur gefið mikið af sér.

#### **Tilmæli:**

Í 24. og 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2006) er viðurkenndur réttur fatlaðra til menntunar og endurhæfingar. Öll ríki verða að sjá til þess að fólk með fötlun njóti fullnægjandi stuðnings til að lifa sjálfstæðu lífi og þroska félagslega, andlega og faglega færni. Óhætt er að segja að þegar kemur að menntun fólks með miðlungs eða alvarlega þroskahömlun er mikilvægasta markmiðið að gera því kleift að búa í eigin húsnæði og hjálpa því til að finna til gagns í nærumhverfi sínu og taka þátt í samfélaginu ásamt öðrum í því nærumhverfi og/eða aðstandendum sínum. Þó að fólk með þroskahömlun þurfi stundum meiri tíma en aðrir til að hugsa, tjá sig, bregðast við félagslegu og tilfinningalegu áreiti eða hreyfa líkamann á það ekki að koma í veg fyrir að það geti búið í eigin húsnæði.

Stafræn sögugerð er gagnleg námsaðferð sem gerir notendum hennar kleift að snerta áhorfendur og tjá sig á tilfinningalegum forsendum. Við trúum því að stafræn sögugerð verði með tímanum notuð sem ný færni í daglegu lífi, starfi og verkefnum af ýmsu tagi.

#### **Árangur:**

Aðferð stafrænnar sögugerðar verður notuð sem þáttur í daglegu starfi með fötluðu fólki. Tækniástöðu verður komið upp í öllum skólum og þjónustumiðstöðvum og fatlað fólk aðlagast samfélaginu betur með aðstoð tölvutækni og snjallsíma.

Stafræn sögugerð getur orðið aðferð sem bætir námsárangur nemenda með því að leysa hæfileika þeirra úr læðingi og þroska þá og fullnægja námsþörfum þeirra og áhuga.

Þess er að vænta að viðburðir sem haldnir verða til að kynna verkefnið muni ekki aðeins vekja athygli kennara, heldur einnig þeirra sem leiðbeina nemendum utan hefðbundins skólakerfis. Við væntum þess að Evrópumíðstöðin muni sjá í aðferð stafrænnar sögugerðar framúrskarandi kennslutæki sem hún getur fellt inn í aðgerðaáætlun sína. Með því að innleiða aðferð stafrænnar sögugerðar í samstarfslöndunum, ekki aðeins í skólum almenna menntakerfisins heldur einnig ýmsum stofnunum utan þess, mætti varpa ljósi á að til að tryggja fólki með fötlun sömu tækifæri og öðrum nægir ekki að koma upp góðu skólahúsnæði og samgöngum heldur verður einnig að tryggja að tölvuaðstaða og annar stafrænn búnaður sé með fullnægjandi hætti í öllum skólum, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Handbók leiðbeinenda, handbók á auðlesnu máli og kennslutækin sjálf verða öllum aðgengileg, ekki aðeins á vettvangi félagsþjónustunnar, heldur einnig í menntakerfinu og í menningarstofnunum.

## Heimildir

- [www.inclusion-europe.eu](http://www.inclusion-europe.eu) (lesið 26. febrúar 2021)
- EPISA - Inclusion Europe ([inclusion-europe.eu](http://inclusion-europe.eu)) (lesið 26. febrúar 2021)
- <https://ethicscasestudies.mediaschool.indiana.edu/cases/sensitive-news-topics/the-super-crip-stereotype.html> (lesið 26. febrúar 2021)
- <https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/09638288.2019.1630678> (lesið 26. febrúar 2021)
- <https://www.un.org/development/desa/disabilities/resources/disability-and-the-media.html> (lesið 26. febrúar 2021)
- <https://www.aruma.com.au/about-us/blog/run-forest-run-disability-stereotypes-in-the-media/> (lesið 26. febrúar 2021)
- <https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/09687599.2018.1563987> (lesið 26. febrúar 2021)
- [https://lauda.ulpland.fi/bitstream/handle/10024/62618/Notko\\_Tiina\\_ActaE\\_201\\_pdfA.pdf?sequence=2&isAllowed=y](https://lauda.ulpland.fi/bitstream/handle/10024/62618/Notko_Tiina_ActaE_201_pdfA.pdf?sequence=2&isAllowed=y) (lesið 26. febrúar 2021)
- <http://jultika.oulu.fi/files/isbn951425340X.pdf> (lesið 26. febrúar 2021)
- [https://www.researchgate.net/publication/30844791\\_Taking\\_Aim\\_on\\_Empowerment\\_Research\\_On\\_the\\_Distinction\\_between\\_Individual\\_and\\_Psychological\\_Conceptions](https://www.researchgate.net/publication/30844791_Taking_Aim_on_Empowerment_Research_On_the_Distinction_between_Individual_and_Psychological_Conceptions) (lesið 26. febrúar 2021)
- [www.disability-europe.net](http://www.disability-europe.net) (lesið 26. febrúar 2021)
- <https://humanrightstracker.com/en/> (lesið 26. febrúar 2021)
- The Procedure Coordinated Provision of Educational Assistance, Social and Health Care Services (2017)
- The Description of the Procedure for Specific Pedagogical Support Coordinated Provision of Educational Assistance, Social and Health Care Services (2011)
- <https://www.edf-feph.org/> (lesið 26. febrúar 2021)
- Inclusive education for learners with disabilities. Study. European Union, 2017
- Structural indicators for inclusive systems in and around schools / Analytical Report. European Union, 2016
- Evidence of the Link Between Inclusive Education and Social Inclusion: Literature Review, 2018
- A guide for ensuring inclusion and equity in education, 2017

## Upplýsingar um verkefnið

DigiStorID - Stafræn sögugerð (e. Digital Storytelling) sem aðferð til að auka færni og valdefla nemendur með þroskahömlun

Námskeið og aðferðafræði var þróað af samstarfi um DigiStorID-verkefnið.

### Samstarfsaðilar

Upstream Stories - Danmörku

Keski-Pohjanmaan koulutusyhtymä (KPEDU) - Finnlandi

ReykjavíkurAkademían - Íslandi

A.N.F.F.A.S. Onlus di Pordenone, Ítalíu

Vsl Tarptautinis darbo kontaktu tinklas (ILCN) - Litáen

Center za izobraževanje in kulturo Trebnje (CIK) - Slóveníu

### Aðrir samstarfsaðilar

Ás Styrktarfélag - Íslandi

European Association for Education of Adults (EAEA)

Varstveno delovni center (VDC) Novo mesto - Slóveníu

**Áætlun:** Erasmus+, KA2 Samstarf um nýsköpun og miðlun góðra vinnuhátta

**Verkefnisnúmer:** 2018-1-SI01-KA204-046998

**Heimasíða DigiStorID-verkefnisins** <https://digistorid.eu/>



Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB.

Verkefnið naut stuðnings framkvæmdastjórnar ESB. Þessi útgáfa er eingöngu byggð á sýn höfundar. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ber ekki ábyrgð á hvernig efni þetta verður notað.